

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 995/2012****2014/EES/64/02****frá 26. október 2012****um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1608/2003/EB um
gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um vísindi og tækni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

Efnahags- og framfarastofnunin og framkvæmdastjórn
Evrópusambandsins (Hagstofa Evrópusambandsins) gáfu
út í sameiningu, að skapa viðmiðunarramma.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins
nr. 1608/2003/EB frá 22. júlí 2003 um gerð og þróun hagskýrslna
Bandalagsins um vísindi og tækni ⁽¹⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mæla ber fyrir um nýjar framkvæmdarráðstafanir við
ákvörðun nr. 1608/2003/EB í því skyni að taka tillit til
þróunar á sviði hagskýrslna um vísindi og tækni og einnig
krafna um nýjar og enn ítarlegri og tíðari hagskýrslur.
- 2) Halda ætti áfram að nota hagskýrslur til stuðnings
ákvörðunum í núverandi málaflokkum og uppfylla ætti
viðbótarkröfur, sem upp koma vegna nýs stefnumótandi
frumkvæðis, með það fyrir augum að með því að nýta
tiltæk úrræði sem best og minnka svarbyrðina.
- 3) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 223/2009 ⁽²⁾ um evrópskar hagskýrslur er settur
viðmiðunarramma, einkum að því er varðar reglur
um aðgang að stjórnsýslugögnum og trúnaðarkvaðir í
hagskýrslum.
- 4) Nauðsynlegt er að tryggja að evrópskar hagskýrslur um
vísindi og tækni séu í samræmi við aðra alþjóðlega staðla.
Í því skyni ber að taka tillit til starfs sem unnið er á vegum
Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og annarra
alþjóðastofnana. Einkum ættu Frascati-handbókin um
hagskýrslur um vísindi og þróun, Canberra-handbókin um
hagskýrslur um mannauð á sviði vísinda og tækni, handbók
Efnahags- og framfarastofnunarinnar um hagskýrslur um
einkaleyfi sem Efnahags- og framfarastofnunin gaf út, sem
og Oslóarhandbókin um hagskýrslur um nýjungar sem

- 5) Fyrir skýrleika sakir ætti að fella úr gildi reglugerð fram-
kvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2004 frá 22. apríl 2004
um framkvæmd ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins
nr. 1608/2003/EB að því er varðar hagskýrslur um vísindi
og tækni ⁽³⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 1450/2004 frá 13. ágúst 2004 um framkvæmd ákvörð-
unar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1608/2003/EB um
gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um nýjungar ⁽⁴⁾.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska
hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.*

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um gerð
evrópskra hagskýrslna um vísindi og tækni.

2. gr.

1. Þessi reglugerð skal taka til eftirfarandi sviða:

- a) hagskýrslur um rannsóknir og þróun,
- b) hagskýrslur um fjárveitingar á fjárlögum eða útgjöld
stjórnvalda til rannsókna og þróunar,
- c) hagskýrslur um nýjungar,
- d) hagskýrslur um starfsmenn á sviði vísinda og tækni,
þ.m.t. hagskýrslur um kyn og hreyfanleika, hagskýrslur um

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 18. Hennar var
getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2013 frá 15. mars
2013 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn,
sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49, 29.8.2013,
bls. 22.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 230, 16.9.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 118, 23.4.2004, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 267, 14.8.2004, bls. 32.

einkaleyfi, hagskýrslur um hátækniðnað og þjónustu sem grundvallast á þekkingu, ásamt öðrum hagskýrslum um vísindi og tækni.

Skrárnar yfir tölfraðilegar breytur, starfsemina og geirana sem um ræðir, sundurliðun niðurstaðna, tíðni, skilafrest gagna og viðmiðunartímabil ættu að vera eins og tilgreint er í I. og II. viðauka.

Afla skal nauðsynlegra gagna úr fyrirliggjandi hagskýrslum, að því er varðar sviðin sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar, eða öðrum heimildum, eins og tilgreint er í 3. þætti I. viðauka.

2. Skrárnar yfir tölfraðilegar breytur, starfsemina og geirana sem um ræðir, sundurliðun niðurstaðna, tíðni, skilafrest gagna og önnur könnunatriði, sem fram koma í I. og II. viðauka, skal, þar sem við á, endurskoða með reglulegu millibili.

3. gr.

Aðildarríki skulu afla nauðsynlegra gagna með samtengingu margs konar heimilda, s.s. úrtakskannana, stjórnsýslugagna og annarra gagna. Slík önnur gögn skulu vera a.m.k. jafngild úrtakskönnunum eða heimildum í stjórnsýslugögnum að því er varðar gæði eða tölfraðilegar matsaðferðir.

4. gr.

Hagskýrslurnar, sem um getur í I. og II. viðauka, skulu vera byggðar á samræmdum hugtökum og skilgreiningum, einkum þeim sem fram koma í nýjstu útgáfum Frascati-handbókarinnar (hagskýrslur um rannsóknir og þróun), Canberra-handbókarinnar (hagskýrslur um mannauð á sviði vísinda og tækni), handbók Efnahags- og framfarastofnunarinnar um hagskýrslur um einkaleyfi (hagskýrslur um einkaleyfi), Oslóarhandbókarinnar (hagskýrslur um nýjungar) eða í öðrum samræmdum stöðlum.

5. gr.

Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) breyturnar sem skráðar eru í I. og II. viðauka, þ.m.t. trúnaðargögn, og nota tæknistaðalinn sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ákveður í samstarfi við aðildarríkin.

Aðildarríki geta, að eigin frumkvæði, sent framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) stakar gagnaskrár um hagskýrslur um nýjungar með því að nota tæknistaðlana sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hefur ákvarðað.

6. gr.

1. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja gæði afhentra gagna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

2. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té staðlaðar gæðaskýrslur varðandi gögn um:

a) rannsóknir og þróun,

b) fjárveitingar á fjárlögum eða útgjöld stjórnvalda til rannsókna og þróunar,

c) nýsköpun.

Að því er varðar hagskýrslur um rannsóknir og þróun skal semja aðskildar gæðaskýrslur fyrir fyrirtækjageirann, opinbera geirann og geira æðri menntunar. Aðeins skal semja gæðaskýrslur fyrir sjálfseignarstofnanir ef útgjöld þeirra vegna rannsókna og þróunar eru meira en 5% af heildarútgjöldum landsins vegna rannsókna og þróunar.

3. Aðildarríkin skulu semja gæðaskýrslur í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka og skulu þær ná yfir gæðaviðmiðanirnar sem skilgreindar eru í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

4. Semja skal fyrstu gæðaskýrslurnar um rannsóknir og þróun og fjárveitingar á fjárlögum eða útgjöld stjórnvalda til rannsókna og þróunar vegna gagna er varða viðmiðunarárið 2011 og skal skila þeim fyrir 31. október 2013. Að því er varðar hagskýrslur um nýjungar skal semja fyrstu gæðaskýrslurnar vegna gagna er varða viðmiðunarárið 2012 og skal skila þeim fyrir 31. október 2014. Afhenda skal framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) síðari gæðaskýrslur annað hvert ár, innan 22 mánaða frá lokum viðmiðunarársins sem gögnunum var safnað um.

7. gr.

Reglugerðir (EB) nr. 753/2004 og (EB) nr. 1450/2004 eru felldar úr gildi.

Reglugerð (EB) nr. 753/2004 skal þó gilda áfram að því er varðar hagskýrslur um rannsóknir og þróun og fjárveitingar á fjárlögum eða útgjöld stjórnvalda til rannsókna og þróunar fyrir viðmiðunarárið 2011.

Litið skal á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

*I. VIÐAUKI***HAGSKÝRSLUR UM VÍSINDI OG TÆKNI***I. þáttur***Hagskýrslur um rannsóknir og þróun**

1. Hagskýrslurnar skulu teknar saman fyrir rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem stunduð er í hagkerfinu í heild. Niðurstöðurnar skulu ná yfir þýði allra eininga sem stunda rannsóknir og þróun og skilgreindar eru í þáttum A til U í sameiginlegu atvinnugreinaflokkuninni sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ⁽⁵⁾ (NACE, 2. endursk.).
2. Hagskýrslueiningarnar, sem notaðar verða til að taka saman hagskýrslurnar sem skráðar eru í 3. mgr., eru: a) fyrirtæki, fyrir hagskýrslur sem taka skal saman á landsvísi og b) starfsstöðvar, fyrir hagskýrslur sem taka skal saman á svæðisvísi (NUTS 2). Skilgreiningarnar á hagskýrslueiningunum sem notaðar verða („fyrirtæki“ og „starfsstöð“) eru eins og getið er um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins ⁽⁶⁾.
3. Skráin yfir hagskýrslurnar (þ.m.t. sundurliðun þeirra), sem teknar verða saman, er sett fram hér á eftir.

⁽⁵⁾ Stjótið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjótið. ESB L 76, 30.3.1993, bls. 1.

Kóði	Titill	Allir geirar	Eftir geira				Athugasemdir
			Fyrirtæki	Æðri menntun	Hjó opinbera	Sjálfsseignarstofnanir	
1.11	Fjöldi starfsfólks í rannsóknunum og þróun						
	Án sundurlíðunar	1.11.0.0	1.11.0.1	1.11.0.2	1.11.0.3	1.11.0.4	
	Eftir starfsgrein og kyni	1.11.1.0	1.11.1.1	1.11.1.2	1.11.1.3	1.11.1.4	
	Eftir menntun og hæfi og kyni	1.11.2.0	1.11.2.1	1.11.2.2	1.11.2.3	1.11.2.4	Valkvætt
	Eftir aðalatvinnustarfsemi (NACE)		1.11.3.1				
	Eftir meginvísindasviði og kyni			1.11.4.2	1.11.4.3		
	Eftir svæði (NUTS 2)	1.11.5.0	1.11.5.1	1.11.5.2	1.11.5.3	1.11.5.4	
	Eftir svæði (NUTS 2) og kyni	1.11.6.0	1.11.6.1	1.11.6.2	1.11.6.3	1.11.6.4	Valkvætt
	Eftir aðalatvinnustarfsemi (NACE) og kyni		1.11.7.1				
1.12	Fjöldi vísindamanna						
	Án sundurlíðunar	1.12.0.0	1.12.0.1	1.12.0.2	1.12.0.3	1.12.0.4	
	Eftir kyni	1.12.1.0	1.12.1.1	1.12.1.2	1.12.1.3	1.12.1.4	
	Eftir menntun og hæfi og kyni	1.12.2.0	1.12.2.1	1.12.2.2	1.12.2.3	1.12.2.4	Valkvætt
	Eftir aðalatvinnustarfsemi (NACE) og kyni		1.12.3.1				
	Eftir meginvísindasviði og kyni			1.12.4.2	1.12.4.3		
	Eftir svæði (NUTS 2)	1.12.5.0	1.12.5.1	1.12.5.2	1.12.5.3	1.12.5.4	
	Eftir svæði (NUTS 2) og kyni	1.12.6.0	1.12.6.1	1.12.6.2	1.12.6.3	1.12.6.4	Valkvætt
	Eftir aldurshópi og kyni	1.12.7.0	1.12.7.1	1.12.7.2	1.12.7.3	1.12.7.4	Valkvætt
	Eftir ríkisfangi og kyni	1.12.8.0	1.12.8.1	1.12.8.2	1.12.8.3	1.12.8.4	Valkvætt

Kóði	Titill	Allir geirar	Eftir geira				Athugasemdir
			Fyrirtæki	Æðri menntun	Hið opinbera	Sjálfseignarstofnanir	
1.13	Fjöldi starfsfólks í rannsóknum og þróun í heilum stöðugildum						
	Án sundurlýðunar	1.13.0.0	1.13.0.1	1.13.0.2	1.13.0.3	1.13.0.4	Árlega
	Eftir starfsgrein	1.13.1.0	1.13.1.1	1.13.1.2	1.13.1.3	1.13.1.4	
	Eftir menntun og hæfi	1.13.2.0	1.13.2.1	1.13.2.2	1.13.2.3	1.13.2.4	Valkvætt
	Eftir aðalatvinnustarfsemi (NACE)		1.13.3.1				
	Eftir meginvísindasviði og kyni			1.13.4.2	1.13.4.3		Valkvætt
	Eftir svæði (NUTS 2)	1.13.5.0	1.13.5.1	1.13.5.2	1.13.5.3	1.13.5.4	
	Eftir stærðarflokki		1.13.6.1				Valkvætt fyrir stærðarflokka 0 og einn til níu starfsmenn
1.14	Fjöldi vísindamanna í heilum stöðugildum						
	Án sundurlýðunar	1.14.0.0	1.14.0.1	1.14.0.2	1.14.0.3	1.14.0.4	Árlega
	Eftir kyni	1.14.1.0	1.14.1.1	1.14.1.2	1.14.1.3	1.14.1.4	Valkvætt
	Eftir menntun og hæfi	1.14.2.0	1.14.2.1	1.14.2.2	1.14.2.3	1.14.2.4	Valkvætt
	Eftir aðalatvinnustarfsemi (NACE)		1.14.3.1				
	Eftir meginvísindasviði og kyni			1.14.4.2	1.14.4.3		Valkvætt
	Eftir svæði (NUTS 2)	1.14.5.0	1.14.5.1	1.14.5.2	1.14.5.3	1.14.5.4	
	Eftir svæði (NUTS 2) og kyni	1.14.6.0	1.14.6.1	1.14.6.2	1.14.6.3	1.14.6.4	Valkvætt
	Eftir stærðarflokki		1.14.7.1				Valkvætt fyrir stærðarflokka 0 og einn til níu starfsmenn
1.20	Útgjöld vegna rannsókna og þróunar innanhúss						
	Án sundurlýðunar	1.20.0.0	1.20.0.1	1.20.0.2	1.20.0.3	1.20.0.4	Árlega

Kóði	Titill	Allir geirar	Eftir geira				Athugasemdir
			Fyrirtæki	Æðri menntun	Hjó opinbera	Sjálfseignarstofnanir	
	Eftir uppruna fjármagns	1.20.1.0	1.20.1.1	1.20.1.2	1.20.1.3	1.20.1.4	
	Eftir eðli rannsóknar og þróunar	1.20.3.0	1.20.3.1	1.20.3.2	1.20.3.3	1.20.3.4	Valkvætt fyrir æðri menntun og alla geira
	Eftir eðli kostnaðar	1.20.4.0	1.20.4.1	1.20.4.2	1.20.4.3	1.20.4.4	
	Eftir aðalatvinnustarfsemi (NACE)		1.20.5.1.1				
	Eftir framleiðslusviði (NACE)		1.20.5.1.2				Valkvætt
	Eftir stærðarflokki		1.20.6.1				Valkvætt fyrir stærðarflokka 0 og einn til níu starfsmenn
	Eftir uppruna fjármagns og stærðarflokki		1.20.7.1				Valkvætt fyrir stærðarflokka 0 og einn til níu starfsmenn
	Eftir meginvísindasviði			1.20.8.2	1.20.8.3		
	Eftir félagshagfræðilegu markmiði				1.20.9.3		Valkvætt
	Eftir svæði (NUTS 2)	1.20.10.0	1.20.10.1	1.20.10.2	1.20.10.3	1.20.10.4	

4. Afhenda skal allar breytur annað hvert ár, á hverju oddatöluári, að undanskildum þeim sem mælt er fyrir um í töflunum í 3. lið að senda skuli árlega.
5. Almanaksárið 2012 er fyrsta viðmiðunarárið fyrir samantekt hagskýrslanna sem tilgreindar eru í 3. mgr.
6. Afhenda skal niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins. Enn fremur skal senda bráðabirgðaniðurstöður fyrir breyturnar árlega innan 10 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.
7. *Frágangur niðurstaðna*
- 7.1. Niðurstöður hagskýrslna eftir starfsgrein skal sundurliða í „vísindamenn“ og „annað starfsfólk í rannsóknum og þróun“.
- 7.2. Niðurstöður hagskýrslna eftir menntun og hæfi skal sundurliða í „einstaklingar með doktorspróf (ISCED 2011, 8. stig)“, „aðrar háskólagráður og önnur hagnýt háskólapróf (ISCED 2011, 5., 6. og 7. stig)“ og „önnur menntun og hæfi“.
- 7.3. Niðurstöður hagskýrslna eftir meginvísindasviði skal sundurliða í „raunvísindi“, „verk- og tæknifræði“, „læknávisindi“, „búvísindi“, „félagsvísindi“ og „hugvísindi“.
- 7.4. Niðurstöður hagskýrslna eftir stærðarflokkum skal sundurliða í eftirfarandi stærðarflokka: „0 starfsmenn“, „einn til níu starfsmenn“, „10 til 49 starfsmenn“, „50 til 249 starfsmenn“, „250 til 499 starfsmenn“, „500 starfsmenn og fleiri“.
- 7.5. Niðurstöður hagskýrslna eftir uppruna fjármagns skal sundurliða í geirana „fyrirtæki“, „hið opinbera“, „sjálfseignarstofnanir“, „æðri menntun“ og „erlendis“. Flokkinn „utanlands“ skal sundurliða enn frekar í: „erlend fyrirtæki“, „framkvæmdastjórn Evrópusambandsins“, „alþjóðastofnanir“ og „aðrir aðilar“. Flokkinn í fyrirtækjageiranum „erlend fyrirtæki“ skal sundurliða enn frekar í „erlend fyrirtæki innan sömu samstæðu“ og „önnur erlend fyrirtæki“.
- 7.6. Niðurstöður hagskýrslna eftir eðli rannsókna og þróunar skal sundurliða í „grunnrannsóknir“, „hagnýtar rannsóknir“ og „þróunarstarf“.
- 7.7. Niðurstöður hagskýrslna eftir eðli kostnaðar skal sundurliða í „rekstrarkostnað (launakostnaður og annar kostnaður)“ og „fjárfestingarútgjöld“.
- 7.8. Niðurstöður hagskýrslna eftir félagshagfræðilegu markmiði skal sundurliða í samræmi við flokkunarkerfi fyrir greiningu og samanburð á vísindalegum áætlunum og fjárhagsáætlunum innan kafla.
- 7.9. Niðurstöður hagskýrslna eftir aldurshópum skal sundurliða í eftirfarandi aldurshópa (í árum): „25 og yngri“, „25 til 34“, „35 til 44“, „45 til 54“, „55 til 64“ og „65 og eldri“.
- 7.10. Niðurstöður hagskýrslna eftir ríkisfangi skal sundurliða í eftirfarandi flokka: „innlent ríkisfang“, „ríkisfang í öðru aðildarríki Evrópusambandsins“, „ríkisfang í öðru landi í Evrópu“, „ríkisfang í Norður-Ameríku“, „ríkisfang í Mið- og Suður-Ameríku“, „ríkisfang í Asíu“, „ríkisfang í Afríku“ og „annað ríkisfang“.
- 7.11. Niðurstöður hagskýrslna eftir aðalatvinnustarfsemi og framleiðslusviði (NACE, 2. endursk.) skal sundurliða í eftirfarandi deildir, flokka, og samsöfn:

„01, 02, 03“, „05, 06, 07, 08, 09“, „10 til 33“, „10, 11, 12“, „10, 11“, „12“, „13, 14, 15“, „13“, „14“, „15“, „16, 17, 18“, „16“, „17“, „18“, „19“, „20“, „21“, „22“, „23“, „24“, „25, 26, 27, 28, 29, 30“, „25“, „25.4“, „26“, „26.1“, „26.2“, „26.3“, „26.4“, „26.5“, „26.6“, „26.7“, „27“, „28“, „29“, „30“, „30.1“, „30.2“, „30.3“, „30.4“, „31“, „32“, „32.5“, „33“, „35, 36, 37, 38, 39“, „35, 36“, „37, 38, 39“, „41, 42, 43“, „45, 46, 47, 49, 50, 51, 52, 53, 55, 56, 58, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 77, 78, 79, 80, 81, 82“, „45, 46, 47“, „49, 50, 51, 52, 53“, „55, 56“, „58, 59, 60, 61, 62, 63“, „61“, „62“, „63“, „64, 65, 66“, „68“, „69, 70, 71, 72, 73, 74, 75“, „71“, „72“, „72.1“, „72.2“, „77, 78, 79, 80, 81, 82“, „84, 85“, „86, 87, 88“, „86“, „87, 88“, „90, 91, 92, 93“, „94, 95, 96, 97, 98, 99“, „01 til 99“.
8. Mælt er fyrir um hugtökin og skilgreiningarnar í tengslum við hagskýrslurnar, sem skilgreindar eru í þessum þætti, í Frascati-handbókinni.

9. Framkvæmdastjórnin og/eða aðildarríkin framkvæma að eigin frumkvæði forkannanir á viðbótarbreytum og sundurliðun í hagskýrslum um rannsóknir og þróun með það í huga að styrkja vísindalegan þekkingargrunn fyrir stefnumörkun á sviði rannsókna og þróunar. Markmiðið með þessum forkönnunum er að meta hversu mikilvægt og hagkvæmt er að útvega gögn að teknu tilliti til ávinningsins af því að gögnin séu til reiðu, borið saman við kostnaðinn við að afla þeirra og fyrirhöfn fyrirtækja. Umfjöllunarefni forkannanna verða ákveðin í nánú samstarfi við aðildarríkin.

2. þáttur

Hagskýrslur um fjárveitingar á fjárlögum eða útgjöld stjórnvalda til rannsókna og þróunar

1. Taka skal saman eftirfarandi hagskýrslur:

Kóði	Titill
21.0	Fjárveitingar hins opinbera til rannsókna og þróunar á bráðabirgðafjárhagsáætlun (sem þingið samþykkir í upphafi fjárhagsársins)
21.1	Fjárveitingar hins opinbera til rannsókna og þróunar á endanlegri fjárhagsáætlun (endurskoðuð fjárhagsáætlun sem er samþykkt á fjárhagsárinu)
22.0	Opinber fjármögnun aðildarríkis á fjölþjóðlega samræmdum rannsóknum og þróun

2. Skila skal öllum breytum árlega.
3. Almanaksárið 2012 er fyrsta viðmiðunarárið fyrir samantekt hagskýrslna.
4. Senda skal niðurstöður fyrir breytu 21.0 (þ.m.t. alla sundurliðun) innan sex mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins og innan 12 mánaða fyrir breytur 21.1 og 22.0 (þ.m.t. alla sundurliðun).
5. Frágangur niðurstaðna
- 5.1. Niðurstöður hagskýrslna, sem teknar eru saman fyrir breytturnar 21.0 og 21.1, skal sundurliða í samræmi við flokkunarkerfi fyrir greiningu og samanburð á vísindalegum áætlunum og fjárhagsáætlunum (NABS 2007) innan kafla.
- 5.2. Niðurstöður hagskýrslna sem teknar eru saman fyrir breytuna 21.1 skal sundurliða:
- a) í samræmi við flokkunarkerfi fyrir greiningu og samanburð á vísindalegum áætlunum og fjárhagsáætlunum innan undirkafla — valkvætt,
- b) í „fjármögnun verkefnis“ og „fjármögnun stofnunar“ — valkvætt.
- 5.3. Niðurstöður hagskýrslna, sem teknar eru saman fyrir breytuna 22.0, skal sundurliða í „framlög aðildarríkja til fjölþjóðlegra, opinberra aðila sem stunda rannsóknir og þróun“, „framlög aðildarríkja til samevrópskra, fjölþjóðlegra, opinberra rannsóknar- og þróunaráætlana“ og „framlög aðildarríkja til tvíhliða eða marghliða, opinberra rannsóknar- og þróunaráætlana sem komið er á fót milli ríkisstjórna aðildarríkja (og umsóknarlanda og EFTA-landa)“.
6. Mælt er fyrir um hugtökin og skilgreiningarnar í tengslum við hagskýrslurnar, sem skilgreindar eru í þessum þætti, í Frascati-handbókinni eða öðrum samræmdum stöðlum.

3. þáttur

Aðrar hagskýrslur um vísindi og tækni

Vinnan, sem tengist öðrum sviðum hagskýrslna um vísindi og tækni, skal einkum beinast að eftirfarandi sviðum:

- a) hagskýrslum um starfsmenn á sviði vísinda og tækni (þ.m.t. hagskýrslum um kyn og hreyfanleika): þróun og framkvæmd heildarramma fyrir hagskýrslur um starfsmenn á sviði vísinda og tækni, einkum með því að nýta fyrirliggjandi alþjóðleg og innlend gögn á skilvirkari hátt (einnig innan evrópska hagskýrslukerfisins). Beina skal sérstakri athygli að þáttum er varða kyn,
- b) hagskýrslum um einkaleyfi: þróun og framkvæmd heildarramma fyrir hagskýrslur um einkaleyfi með reglulegri gerð alþjóðlegra og innlendra hagskýrslna og vísa um einkaleyfi á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga á innlendum og alþjóðlegum einkaleyfastofum,

- c) hagskýrslum um hátækniiðnað og þjónustu sem grundvallast á þekkingu: þróun og framkvæmd heildaramma fyrir hagskýrslur um hátækniiðnað og þjónustu sem grundvallast á þekkingu, einkum með því að nýta alþjóðleg og innlend gögn á skilvirkari hátt (einnig innan evrópska hagskýrslukerfisins). Þessi vinna tekur einnig til skilgreiningar og flokkunar á starfsemi og vörum og mats á efnahagslegum árangri af þessari starfsemi og framlagi hennar til hagkerfisins í heild sinni,
- d) öðrum hagskýrslum um vísindi og tækni: frekari vinna að þróun og framkvæmd tengist m.a. hagskýrslum um líftækni, nanótækni eða öðrum sviðum þar sem vísindi og tækni eru mjög mikilvæg til að uppfylla forgangsmál Evrópusambandsins (eins og varðandi heilbrigði, öryggi, umhverfi og loftslagsbreytingar).

Einkum þarf að afla gagna úr fyrirliggjandi hagskýrslum eða öðrum heimildum (t.d. á sviði hagskýrslna um efnahags- og félagsmál) að því er varðar sviðin sem eru tilgreind í þessum þætti.

II. VIÐAUKI

HAGSKÝRSLUR UM NÝJUNGAR

1. þáttur

Fyrirtækið er sú hagskýrslueining sem nota skal við samantekt hagskýrslanna sem fram koma í 2. þætti. Skilgreiningarnar á hagskýrslueiningunum sem nota skal („fyrirtæki“) eru þær sem settar eru fram í reglugerð (EBE) nr. 696/93.

2. þáttur

Aðildarríki skulu taka saman eftirfarandi hagskýrslur um nýjungar:

Breyta	Titill	Athugasemdir
1	Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja	Eins og algildi og eins og hlutfall af öllum fyrirtækjum
2	Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem settu fram nýjar eða verulega endurbættar vörur, nýjar á markaðnum/ nýjar fyrir fyrirtæki	Eins og algildi, eins og hlutfall af öllum fyrirtækjum og eins og hlutfall af öllum starfandi nýsköpunarfyrirtækjum
3	Velta af nýjungum er tengjast nýjum eða endurbættum vörum og eru nýkomnar á markað	Eins og algildi, eins og hlutfall af heildarveltu og eins og hlutfall af heildarveltu starfandi nýsköpunarfyrirtækja
4	Velta af nýjungum sem tengjast nýjum eða endurbættum vörum sem eru nýjar hjá fyrirtækinu en ekki nýkomnar á markað	Eins og algildi, eins og hlutfall af heildarveltu og eins og hlutfall af heildarveltu starfandi nýsköpunarfyrirtækja
5	Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem taka þátt í samstarfi um nýjungar	Eins og algildi og eins og hlutfall af starfandi nýsköpunarfyrirtækjum
6	Útgjöld vegna nýjunga	Eins og algildi, eins og hlutfall af heildarveltu og eins og hlutfall af heildarveltu starfandi nýsköpunarfyrirtækja
7	Fjöldi starfandi nýsköpunarfyrirtækja sem tilgreindu að nýsköpun væri mikilvægt markmið sitt	Eins og algildi og eins og hlutfall af öllum nýsköpunarfyrirtækjum — valkvætt
8	Fjöldi starfandi nýsköpunarfyrirtækja sem tilgreindu mjög mikilvægar upplýsingar um nýsköpun	Eins og algildi og eins og hlutfall af öllum nýsköpunarfyrirtækjum — valkvætt
9	Fjöldi fyrirtækja sem standa frammi fyrir miklum hindrunum	Eins og algildi, eins og hlutfall af öllum fyrirtækjum, eins og hlutfall af öllum starfandi nýsköpunarfyrirtækjum og eins og hlutfall af fyrirtækjum sem ekki eru nýsköpunarfyrirtæki — valkvætt
10	Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem þróuðu nýjungarnar sjálf eða í samstarfi við önnur fyrirtæki/stofnanir	Eins og algildi og eins og hlutfall af öllum starfandi nýsköpunarfyrirtækjum

Auk fyrrgreindra hagskýrslna geta aðildarríki tekið saman viðbótarhagskýrslur (þ.m.t. sundurliðun þeirra) í samræmi við meginatriðin sem eru tilgreind í Oslóarhandbókinni. Ákveðið verður í nánu samstarfi við aðildarríkin hvort þessar viðbótarhagskýrslur verða teknar með og þær felldar inn í samræmda spurningalistann.

3. þáttur

Þekjan mun ná yfir fyrirtæki með markaðsstarfsemi í bálkum B, C, D, E, H, J, K og deildum 46, 71, 72 og 73 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. Aðildarríki eiga möguleika á að auka þekjuna enn frekar.

4. þáttur

Afhenda skal allar breytur annað hvert ár, á hverju jafntöluári.

5. þáttur

Almanaksárið 2012 er fyrsta viðmiðunarárið fyrir samantekt hagskýrslna.

6. þáttur

1. Sundurliða skal allar niðurstöður eftir atvinnustarfsemi eftir bálkum, deildum eða öðrum samsöfnum í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og eftir flokkun miðað við fjölda starfsmanna:

flokkun í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna/ stærðarflokkun	10-49 starfsmenn	50-249 starfsmenn	fleiri en 249 starfsmenn	samtals
„B–C–D–E–46–H–J–K–71–72–73“	x	x	x	x
„B–C–D–E“	x	x	x	x
„B“	x	x	x	x
„C“	x	x	x	x
„10 til 12“				x
„13 til 15“				x
„16 til 18“				x
„19 til 22“				x
„20“				x
„21“				x
„23“				x
„24“				x
„25 til 30“				x
„25“				x
„26“				x
„31 til 33“				x
„D“	x	x	x	x
„E“	x	x	x	x
„36“				x
„37 til 39“				x
„46–H–J–K–71–72–73“	x	x	x	x
„46“	x	x	x	x
„H“	x	x	x	x
„49 til 51“				x
„52 til 53“				x
„J“	x	x	x	x
„58“				x
„61“				x
„62“				x
„63“				x

flokkun í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna/ stærðarflokkun	10-49 starfsmenn	50-249 starfsmenn	fleiri en 249 starfsmenn	samtals
„K“	x	x	x	x
„64“				x
„65“				x
„66“				x
„71–72–73“	x	x	x	x
„71“				x
„72“				x
„73“				x

- Niðurstöður fyrir 1. breytu skulu ná yfir og vera sundurliðaðar í fjórar gerðir nýsköpunar: nýjungar í vinnsluferli, vörunýjungar, nýjungar í skipulagi og markaðssetningu. Niðurstöður fyrir 5. til 10. breytu skulu ná yfir fyrirtæki sem reka nýsköpunarstarfsemi í vinnsluferli og/eða við vöruþróun. Þekja og sundurliðun eftir fjórum gerðum nýsköpunar, fyrir aðrar breytur en 1. breytu, verða ákveðnar í nánu samstarfi við aðildarríki og felldar inn í samræmda spurningalistann.
- Niðurstöður 5. breytu skulu sundurliðaðar eftir eðli nýsköpunarsamstarfs. Niðurstöður 6. breytu skulu sundurliðaðar eftir eðli útgjalda vegna nýjunga. Niðurstöður 7. breytu skulu sundurliðaðar eftir eðli markmiða nýjunga. Niðurstöður 8. breytu skulu sundurliðaðar eftir gerð heimilda sem upplýsingarnar eru teknar upp úr. Niðurstöður 9. breytu skulu sundurliðaðar eftir eðli hindrunar. Niðurstöður 10. breytu skulu sundurliðaðar eftir eðli framkvæmdaraðila. Sundurliðun þessa verður ákveðin í nánu samstarfi við aðildarríki og felld inn í samræmda spurningalistann.

7. þáttur

- Afhenda skal niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.
- Aðildarríkin geta að eigin frumkvæði sent framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) stakar gagnaskrár sem ná yfir allar hagskýrslueiningar sem landsbundnar kannanir um nýjungar taka til.

8. þáttur

- Spurningalistarnir, sem notaðir eru við kannanir um nýjungar sem gerðar eru á fjögurra ára fresti frá viðmiðunarárinu 2012, skulu taka til þeirra meginatriða sem skráð eru í Oslóarhandbókinni í tengslum við mat á nýjungum í fyrirtækjum.
- Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, í nánu samstarfi við aðildarríkin, semja leiðbeiningar um aðferðafræði við kannanir á nýjungum í því skyni að koma á viðtækri samræmingu á niðurstöðum könnunarinnar. Þessar leiðbeiningar skulu a.m.k. taka til markþýðis, aðferðafræði í könnunum (þ.m.t. svæðisbundinna þátta), samræmdra spurningalista, gagnaöflunar, gagnavinnslu, sendinga gagna og krafna um gæði gagna.
- Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) nauðsynlegar upplýsingar varðandi innlenda aðferðafræði sem notuð er í tengslum við innlendar hagskýrslur um nýjungar.

*III. VIÐAUKI***KRÖFUR TIL GÆÐASKÝRSLNA***1. þáttur***Inngangur**

Gæðaskýrslurnar skulu innihalda bæði eigindlega og megindlega vísa um gæði gagna og byggðar upp á staðlaðan hátt sem framkvæmdastjórnin ákveður í samstarfi við aðildarríkin. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal leggja fram niðurstöður megindlegu vísanna sem reikna má á grundvelli gagna sem aðildarríkin láta í té. Aðildarríki skulu túlka og gera athugasemdir við þær, í ljósi aðferðafræðinnar sem beitt er við öflun þeirra, og leggja fram eftirstandandi megindlega vísa og tölulegar upplýsingar.

*2. þáttur***Tímamörk**

Annað hvert ár skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins), innan 20 mánaða eftir lok viðmiðunarársins (fyrir ágústlok), afhenda aðildarríkjunum drög að stöðluðum gæðaskýrslum, með forskráðum gæðavísu og öðrum upplýsingum sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hefur aðgang að.

Annað hvert ár skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins), innan 22 mánaða frá lokum viðmiðunarársins (fyrir októberlok), stöðluðu gæðaskýrslurnar fullfrágengnar.
